

## Stjórnarfundur mánudaginn 27. október 2014 kl. 16.30 í Tungumálamiðstöð HÍ.

**Viðstödd:** Úr stjórn FFÍ: Jóhanna Björk, Hulda Sif og Sigurbjörg Gylfa. Eyjólfur Már fundaði sérstaklega með stjórn félagsins til þess að ræða um mat á sameiginlega frönskuprófinu og sumarnámskeiðið 2015.

### Dagskrá:

#### 1. Frönskuprófið.

Eyjólfur kynnti stjórninni þær athugasemdir sem bárust frá sérfræðingunum í Graz varðandi sameiginlega frönskuprófið. Í heild var matið fremur jákvætt og er það helst munnlegi þátturinn sem þarf að lagfæra. Rætt var um að taka morguninn á vinnudeginum í janúar til þess að vinna úr þessum athugasemdum. Eyjólfur tók að sér að athuga hvort sú tímasetning hentaði sérfræðingunum í Graz.

#### 2. Sumarnámskeið FFÍ 2015.

Skoðaðar voru niðurstöðurnar úr könnuninni sem Eyjólfur sendi til félagsmanna. Í ljósi þessara niðurstaðna var ákveðið að námskeiðið 2015 yrði haldið á Íslandi í byrjun júní og að utanlandsferð yrði frestað til 2016. Varðandi efni námskeiðisins mátti lesa út úr niðurstöðum könnunarinnar að einna mestur áhugi væri á efninu „les nouvelles technologies“ þó svo að það væri ekki afgerandi. Ákveðið var að Eyjólfur myndi taka að sér umsjón með námskeiðinu og setja sig í samband við aðila sem gætu tekið að sér að sjá um námskeið á þessu sviði.

#### 3. Málefni STÍL.

Í fyrsta lagi var rætt um að félagið þurfi að finna nýjan fulltrúa í Málfríði. Í öðru lagi var rætt um komandi formennsku FFÍ í STÍL frá og með febrúar 2015. Einn félagsmanna hefur samþykkt að taka að sér formennskuna og verður tilkynnt um þá ákvörðun á næsta félagsfundi. Eitt af verkefnum nýs formanns verður að endurskoða útgáfu á Málfræði. Núverandi fyrirkomulag á útgáfu er mjög kostnaðarsamt og íhuga þyrfti að birta blaðið frekar á netinu í formi fréttabréfs.

#### 4. Önnur mál.

- Rætt var um styrkumsóknir frá SEF og MMR til félagsins sem Jóhanna er að vinna að.
- Ákveðið var að félagið myndi taka þátt í „concours“ á vegum CEO og að sú keppni yrði kynnt á næsta félagsfundi.
- Ákveðið var að boða til næsta félagsfundar föstudaginn 28. nóvember.

Fundið slitið klukkan 17.30.